

ANNÁLL

335. dagur ársins.

Sólaruppkoma kl. 9.49. Sólarlag kl. 2.44. Árdegishálfður í Reykjavík kl. 4.15.

Ljósatími bifreiða

er frá kl. 3.20 síðdegis til kl. 9.10 árdagis.

Nætur-læknir

er í nótt Jón Norland, Bankastræti 11, sími 4348. Næturvörður er í Lyfjabúðinni Íðunn og Reykjavíkur Apóteki.

Dagskrá útvarpsins:

10.40 Veðurfregni. 12.00 Hádegisútlit. 13.05 Útíhátíð stúdenta: a) Göngulög. b) Lúðrasveit Rvíkur leikur. c) Ræða af svölum Alþingishússins (Hermann Jónasson forsætisráðherra). d) Lúðrasveit leikur. 19.10 Veðurfr. 19.20 Hljómspl.: Stúdentar. 19.40 Augl. 19.50 Fréttir. 20.15 Fullveldisdagurinn: a) Útvarpsljómsveitin leikur. b) Ávarp ríkisstjórnarinnar (Haraldur Guðmundsson atvinnuáráðgjafi). c) Útvarpsljómsveitin leikur. d) Formaður sambandslaganefndar, Jón Baldvinsson alþingisforseti, talar. e) Íslensk ættjarðarljóð (plötur). f) Upplestur: Úr „Ármani á Alþingi“ (Vilh. Þ. Gíslason). g) Útvarpskórinn syngur. Hlé. 22.00 Danslög.

Ranghermi í Alþýðublaðinu.

Það er algerlega rangt, sem stendur í Alþýðublaðinu í gær, að próf. Mosbech hafi í viðtali við Politiken fallið á það, að yfirfari próf. Nygren sé rétt. Í viðtalinu tekur próf. Mosbech það skýrt fram, að dómnefndin hafi fellt úrskurð eins og hún hafi talið réttlátast, en hinsvegar hafi kennslumálaráðherra haft lagalegan rétt til að hafna tillögum dómnefndarinnar.

Skipafréttir.

Gullfoss er á leið til Hull frá Vestmannaeyjum. Goðafoss fór frá Hull í gær áleiðis til Hamborgar. Brúarfoss fór frá Leith í gær áleiðis til Vestmannaeyja. Dettifoss er í Reykjavík. Lagarfoss er á Akureyri. Seifoss fór frá Siglufirði í fyrrinótt áleiðis til Grimsey. — Drottningin fór vestur og norður í gærkvöldi. — Lyra kom í fyrrinótt.

Kirkjuhljómléikar.

Lúðrasveit Reykjavíkur og karlakórinn „Kátir félagar“ efna til sameiginlegra hljómléika í Fríkirkjunni annað kvöld kl. 8.30, með aðstoð þeirra Páls Ísólfssonar og Péturs Jónssonar. Efniskráin er fjölbreytt. Meðal annars syngur Pétur Jónsson Gralsönginn úr Lohengrin, með undirleik Lúðrasveitarinnar. Félögin flytja sameiginlega ýms meiri háttar tónverk og syngja og leika auk þess hvort í sínu lagi.

Vetrarhjálpin

hefur starfsemi sína á morgun með því að skátastúlkur selja merki á götunum. Er vonandi að bæjarbúar bregðist vel við nú eins og áður, og kaupir merki, til að styrkja hina þörfu og vinsælu starfsemi Vetrarhjálparinnar.

Íþróttaskólinn.

Allar æfingar falla niður í dag.

Jónas Þorbergsson

útvarpsstjóri kom heim með Drottninginni í fyrradag, en hann hafði farið utan til þess að athuga möguleika á því, að ríkisútvarpið eignaðist upptökutæki, svo upptaka söngs og mæltis máls geti farið fram hér helma. Jafnframt hafði hann umsjón með upptöku á söng Karla-kórs Rvíkur.

Eggert Stefánsson

söngvari endurtekur söngskemmtun sína í dómkirkjunni á sunnudagskvöldið kemur kl. 8.30. Páll Ísólfsson aðstoðar.

Ragnar Ásgeirsson

ráðunautur var meðal farþega á Lyru til Reykjavíkur í gærmorgun.

Hafis.

Samkvæmt símskeyti til veðurstofunnar, sá bátur frá Hnífsdal hafis í fyrradag 15 sjómilur út af Ísafjarðardjúpi á Vesturáalakanti Ísinn var á hröðu reki, en ekki tilgreint í hvaða átt.

Er óhyggilegt að fylgja dæmi frændþjóðanna?

Viðræður ensku og frönsku ráðherranna

Chamberlain gefur skýrslu.

LONDON:

Viðræðum brezku og frönsku ráðherranna er lokið og þeir Chautemps og Delbos lagðir af stað heimleiðis.

Chamberlain forsætisráðherra sagði í neðri málstofu brezka þingsins í gær, að þeim hefði komið saman um, að nýlendukröfur Þjóðverja væri ekki hægt að ræða út af fyrir sig, og að það væri mál, sem þyrfti mikinn undirbúning. Þá hefði þeim komið saman um að halda áfram hlutleysi sínu gagnvart Spánarstýrjöldinni. Viðvikjandi stýrjöldinni í Japan hefðu ráðherrarnir verið á eitt sáttir um að vernda hagsmunum sína í Austurálfu og standa við skuldbindingar sínar, samkvæmt gildandi samningum. — FÚ.

Japanir búast fyrir í Shanghai

Amerískum og ítölskum bátum rænt.

LONDON:

Japanir tóku í gær tvo vélbáta á Whangpoo-fjótli við Shanghai, annan ítalskan og hinn amerískan, drögu niður í ána þeirra og settu japanska fánann í þeirra stað. Út af þessum atburði hafa ræðismenn bæði Ítalíu og Bandaríkjanna lagt fram mótmæli við herstjórn Japana í Shanghai.

Í Nanking er því haldið fram, að Japanir séu að flytja eina frægustu herdeild sína til Shanghai og ætli að koma henni þar fyrir sem setuliði. FÚ.

Bindindisfélög skólanna í ör-um vexti

Fjölmenasta þing þeirra var haldið um síðastl. helgi.

Sjötta þing Sambands bindindisfélaga í skólum var háð í hátíðasal Menntaskólans í Reykjavík síðastliðinn laugardag og sunnudag. Forseti sambandsins, Eiríkur Pálsson, stýrði þinginu.

Alls sóttu þingið 127 fulltrúar frá 19 félögum og fóru þeir með umboð fyrir 1800 félagsmenn. Meðal annars hafa á þessu ári verið flutt nær 80 erindi um bindindismál á vegum sambandsins í ýmsum skólum landsins, og síðastliðinn vetur kom það á handboiltakepni milli ýmsra skóla.

Á þinginu voru gerðar margar á-



Dr. Niels Nielsen.

Íslensk skólakvikmynd eftir dr. Niels Nielsen.

Dr. Niels Nielsen, sem hér hefur verið við rannsóknir á Vatnajökli, hefur búið til íslenska kvikmynd til skólanotkunar, og lýsir myndin náttúrufrýrbrigðum á Íslandi. Á henni sést t. d. Geysir áður og eftir að hann gýs og meðan hann er að gjósa og með skýringarteikningum, sem einnig er komið fyrir á myndinni, er sýnt hvernig skál Geysis fyllist af vatni og hvernig gosið verður.

Mynd þessa hefir dr. Niels Nielsen sýnt dönskum skólamönnum og vakti hún allmikla athygli. Hefir nú verið ákveðið, að myndin verði notuð framvegis við kennslu um Ísland í dönskum skólum. Dr. Niels Nielsen hefir í hyggju að gera fleiri kvikmyndir af Íslandi, t. d. kvikmyndir af eldgosum. Stjórn barnaskólanna í Kaupmannahöfn hefir fengið dr. Niels Nielsen til þess að flytja fjölda af erindum í skólunum um Ísland og hefir þá myndin verið sýnd um leið.

Júlíana Sveinsdóttir í Antwerpen

KALUNDBORG:

Íslenska listakonan Júlíana Sveinsdóttir, hefir tekið þátt í listasýningu, sem undanfarna daga hefir verið haldin á ríkissafninu í Antwerpen. Sýningin fjallaði aðallega um listrænan iðnað. Ungfrú Júlíana Sveinsdóttir selði tvö listaverk á þessari sýningu. — FÚ.

lyktanir snertandi framtíðarstörf sambandsins, bindindismál og menningar-mál. Forseti sambandsins skoraðist undan endurkosningu og voru kosnir í aðalstjórn Jónas Haralds, menntaskólanemi, forseti, Bjarni Magnússon samvinnuskólanemi, ritari og Sigurður Ólafsson læknanemi, gjaldkeri. Meðstjórnendur voru kosnir sex nemendur úr ýmsum skólum bæjarins.

Í sambandinu eru nú 24 félög, sem telja um 2000 meðlimi. Þessari hreyfingu vex sífellt fiskur um hrygg og skólalæskan skipar sér æ ákveðnari undir merki bindindismanna.

Afborgunarsala à rafmagnsvélum

Fallizt á tillögur Framsóknarfélaganna.

Samningar hafa náðst milli nefndar frá bæjarráðinu og Raftækjaeinkasöluunnar um afborgunir á rafmagnseldavélum.

Aðalatriði samningsins eru þau, að Raftækjaeinkasalan selur rafsuðuvélar með afborgunum á einu ári, eða tveimur árum, en Rafmagnsveitan tekur að sér að innheimta greiðslurnar um leið og rafmagnsreikningar eru innheimtir mánaðarlega.

Staðgreiðsluverð eldavéla mun eiga að lækka um 2%, samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi, en verð miðað við afborgunarsölu verður nokkru hærra. Útborgun við móttöku véla verður um 12–20% af vélarverðinu, og greiðist eftirstöðvarnar á 12 eða 24 mánuðum.

Hefir með þessu verið farin sú leið, sem gerð var tillaga um af fulltrúaráði Framsóknarfélaganna 30. sept. sl. Mega neytendur og aðrir aðilar una vel þeirri lausn, sem fengið hefir í þessu máli.

Forstjóri Raftækjaeinkasöluunnar óskar þess getið, að það muni óhjákvæmlega taka nokkra daga ennþá að koma afborgunarsölu á rafmagnseldavélum í framkvæmd. Jafnvel þó að samkomulag hafi náðst milli hlutaðeigandi aðila um samvinnu, þá er ennþá eftir að ganga frá nokkrum smáatriðum, svo sem prentun á kaup-samningseyðublöðum o. fl. Þessháttar, og síðast en ekki sízt að auglýsa hið nýja verð og sölufrýrkomulag í dagblöðunum. Forstjórnin óskar þess enn fremur getið, að hann telur „fyrirframauglýsingun“ Alþýðublaðsins í gær fremur óheppilega, enda er þar ekki algjörlega rétt hermt, þar sem gefið er í skyn, að verðlækkun hafi þegar farið fram.

En úr því að eitt blað hefir þegar birt grein um hina fyrirhuguðu afborgunarsölu, er vitanlega ekki nema eðlilegt, að hin blöðin geri það einnig.

Hið nýja verð og afborgunarskilmálar mun væntanlega verða auglýst innan fárra daga.

Hátíðahöldin

Stúdentar efna í dag, 1. desember, til hátíðahalda, svo sem venja er til. Hefjast þau kl. 1 með skrudgöngu stúdenta frá Stúdentagarðinum niður að háskólanum og leikur Lúðrasveit Reykjavíkur. Hálf tíma síðar flytur Hermann Jónasson forsætisráðherra aðalháttíðarræðuna af svölum Alþingishússins. Klukkan 2.30 hefst skemmtun í Gamla Bíó, en þar leikur Lúðrasveit Reykjavíkur, Thor Thors flytur ræðu, Emil Thoroddsen leikur á pianó, Haraldur Á. Sigurðsson les upp og M.A.-kvartettinn syngur. Að kvöldi verður hóf að Hótel Borg og hefst það kl. 7.

Danir láta amerískan verkfræðing standa fyrir jarðborunum hjá sér

Hvað lengi á að tefja rannsókn hitaveitumálsins?

Nýja dagblaðið hefir hvað eftir annað hafið máls á því, að nauðsynlegt sé að fá hingað erlenda sérfræðinga til að annast boranir og aðra rannsóknarstarfsemi í sambandi við væntanlega hitaveitu. Bærinn er nú búinn að eyða á nokkrum árum hundruðum þúsunda kr., án þess að nokkur gagnlegur árangur hafi fengið. Ástæðan til þess er sú, að við þessar rannsóknir hefir skort rétt áhöld og ennþá frekar verksvit. Verði því líkri kákstarfsemi haldið áfram, á hitaveitin áreiðanlega enn langt í land og miklu fé verður eytt að óþörfu, vegna þess hvernig undirbúningnum er háttað.

Í þessu sambandi er fróðlegt að lesa grein, sem Steingrímur Matthiasson læknir skrifar í síðasta hefti Náttúrufræðingsins um jarðboranir í Danmörku. Í grein þessari segir m. a.:

„Einhverjar merkustu fréttir, sem ég kann að segja frá Danmörku, eru þær, að eftir langs tíma borun gegnum danskan jarðveg, hefir jarðnafarinn loks komið gegnum kritina, sem er það mikla hellubjarg, sem Danmörk stendur á. Borunin hefir farið fram nálægt Kolding á Jótlandi og stendur amerískur verkfræðingur fyrir verkinu. — Hefir borun þessi staðið yfir nú á annað ár og hefir kostað um 100 þús. krónur, en ríkið greiðir kostnaðinn. Borunin er komin 860 metra niður, eða eins og væri borað gegnum eitt af fjöllum okkar heima á Íslandi af miðlungshæð.“

Þessar boranir eru gerðar í þeirri von, að undir kriterlaginu finnist bæði salt og olía, en sú hefir orðið reynslan í Þýskalandi, er borað var gegnum svipað jarðlag. Danir ætla sér að bora a. m. k. niður í 1200 m. dýpi.

Það, sem er sérstaklega athyglisvert fyrir okkur í þessari Framh. á 4. síðu.

Blaðamannafélag Íslands

var stofnað sl. sunnudag. Formaður fél. var kosinn Pétur Ólafsson, en meðstjórnendur Svavar Hjaltested, Vilhj. S. Vilhjálmsson og Þórarinn Þórarinnsson.